

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 72
 — Samkvæmt allra- þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, eptir að honum hafði borizt 2. júní
 þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 21. apríl þ. á. hefur hans hátign kon-
 unginum í dag allramildilegast þóknazt að fallast á, að jarðaskipti megi hafa á kirkju-
 jörðinni Höfða í Höfðasókn í Suður-Þingeyjarsýslu og bændaeygninni Grenivík í sömu
 sókn, þannig að hin fyrnefnda jörð verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeygn að því er
 afgjaldsskyldu snertir, en hin síðarnefnda jörð hafi jafnrjetti við aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi til þóknanlegr-
 ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum.

Brjef landshöfðingja til biskups um breytingu á skilmálum um niðurlagn- 73
 ingu tveggja kirkva. — Þjer hafð, háæruverðugi herra, með þóknanlegu brjefi, dags. 4. júní
 2. þ. m. sent mjer beiðni frá eigendum Steinakirkju í Eyvindarhólaprestakalli, þar sem
 þeir fara þess á leit, að sú breyting verði gjörð á skilmálum þeim, sem í brjefi mínu
 12. marz þ. á.¹ eru settir fyrir niðurlagning Steinakirkju og Skógakirkju og bygging
 einnar sameiginlegrar kirkju á Eyvindarhólum, að þeim verði ekki gjört að skyldu að
 greiða meira en fjórðung alls kostnaðar við bygging hinnar fyrirhuguðu Eyvindarhóla-
 kirkju, í stað þriðjungs, sem þeim í ofanefndu brjefi samkvæmt tilboðum og samningi
 umboðsmanns þeirra er gjört að leggja fram. Ástæðan fyrir beiðni þessari
 er sú, að þeir hafi þegar tilboðið var gjört, einungis haft fyrir augum sameining Steina-
 kirkju við Eyvindarhólakirkju, en þegar nú Skógakirkja bætist við, þá raskist hlutfallið,
 svo að þeir verði tiltölulega of hart úti, en samkvæmt vitnisburði prófasts stendur hinn
 nú framboðni fjórðungur kosnaðarins í líku hlutfalli við kirkjubygging fyrir allar hinar
 3 sóknir Eyvindarhóla prestakalls, eins og þriðjungur kostnaðar við kirkjubygging fyrir
 Eyvindarhólasókn ásamt Steinasókn einni.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg samkvæmt tillögum
 yðar og að athugudum málavöxtum fellst á ofanefnda breytingu á ákvæðum fyrnefnds
 brjefs, að eigendur Steinakirkju standi að kirkjubyggingunni fyrir allar þrjár núverandi
 sóknir Eyvindarhólaprestakalls að einum fjórða hluta; en að öðru leyti skulu kostirnir
 vera óbreyttir.

Brjef landshöfðingja² til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu um 74
 endurgjald á legukostnaði vinnuhjús. 6. júní.

Með brjefi, dagsettu 22. dag aprílmán. þ. á., sem borizt hefur hingað beina leið, hefur odd-
 vitinn í Bessastadahreppi í Gullbringusýslu í umboði hreppsnefndarinnar þar, áfrýjað til
 landshöfðingjans úrskurði Suður- og Vesturamtsins, dags. 27. maí 1884, er gjörir nefnd-
 um hreppi að skyldu að endurgjalda bæjarsjóði Reykjavíkur legukostnað stúlkunnar Elisa-
 bethar Jónsdóttur, sem vorð 1883 dó á sjúkrahúsinu í Reykjavík, og þangað var flutt
 að fyrirlagi læknisins, að upphæð 77 kr. 84 aur., og sem var greiddur úr bæjarsjóði

1) sjá Stjórnartíð. 1890 B. 37

2) Úrskurður þessi er kveðinn upp af forstjóra landsyfirdómsins samkv. 21. gr. auglýsingar 22.
 febr. 1875 með því að landshöfðinginn, sem nú er, hafði 27. maí 1884 sem þáverandi settur amtmáður
 lagt úrskurð á mál þetta.